

Fimmtudaginn 22. október 1998.

Nr. 124/1998.

Guðmundur Karvel Pálsson

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

Þróunarsjóði sjávarútvegsins

(Garðar Garðarsson hrl.)

Skuldabréf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson og Björn P. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1998. Hann krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði sýknaður. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi krafðist frávísunar málsins í héraði. Þeirri kröfu var hafnað með úrskurði 9. apríl 1997. Í áfrýjunarstefnu segir ekki berum orðum, að úrskurðinum sé áfrýjað, en í henni kemur þó fram krafa um, að þessi þáttur málsins verði endurskoðaður fyrir Hæstarétti.

Aðalkrafa áfrýjanda er þess efnis, að málinu „verði vísað frá dómi“. Krafan er í fyrsta lagi reist á því, að dómkröfur stefnda séu í andstöðu við d-lið 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Í öðru lagi heldur áfrýjandi því fram til stuðnings frávísunarkröfunni, að dómkröfur stefnda séu ekki nægilega skýrar og ekki studdar nægilegum gögnum. Þriðja frávísunarástæða áfrýjanda er sú, „að ekki sé öllum aðilum kröfunnar stefnt fyrir dóm“.

Frávísunarkrafan varðar atriði, sem dómstólar eiga að gæta af sjálfsdáðum, og verður hún þess vegna tekin til úrlausnar.

Í stefnu í héraði er krafist greiðslu á skuld, „að jafnvirði DEM 142.178,25“, auk dráttarvaxta af nánar tilgreindum fjárhæðum. Í stefnunni segir einnig, að skuld þessi sé samkvæmt skuldabréfi, upphaflega að fjárhæð 4.000.000 króna, og skuldin gengistryggð miðað

við þýsk mörk. Síðan er nánari lýsing á efni skuldabréfsins með sama hætti og fram kemur í héraðsdómi. Áfrýjandi heldur því fram, að dómkrafan sé í þýskum mörkum, og sé það andstætt áður nefndu ákvæði 80. gr. laga nr. 91/1991. Þótt ekki sé greinilega tekið fram í stefnunni, að krafist sé jafnvirðis þýskra marka í íslenskum krónum, verður það ráðið af kröfugerð stefnda og skuldabréfinu, sem málið er risið af. Er ekki fallist á, að kröfur stefnda séu svo óskýrar, að vísa beri þeim frá dómi.

Aðrar ástæður, sem áfrýjandi reisir frá vísunarkröfu á, styðjast ekki við rök, sem hald er í. Verður aðalkrafa hans því ekki tekin til greina.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður hann staðfestur um annað en málskostnað.

Áfrýjandi verður dæmdur til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, sem verður ákveðinn í einu lagi, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Guðmundur Karvel Pálsson, greiði stefnda, Próunarsjóði sjávarútvegsins, samtals 400.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. október 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. október sl., er höfðað með stefnu, þingfestri 26. september 1996, af Próunarsjóði sjávarútvegsins, atvinnutryggingardeild, Engjateigi 3, Reykjavík, gegn Sveinbirni Jónssyni, Túngötu 17, Suðureyri, Jónínu Hólm, Garðabraut 8, Garði, Vigni Bergmann, Garðabraut 8, Garði, Júlíusi Einarssyni, Akurgerði 32, Reykjavík, Elínu Bergsdóttur, Túngötu 17, Suðureyri, Ragnari Guðleifssyni, Sólvalla götu 46 f, Keflavík, og Guðmundi Karvel Pálssyni, Hlíðarvegi 12, Suðureyri, til greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfi.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmd til að greiða in solidum skuld, að jafnvirði DEM 142.178,25, ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 1. október 1992 til greiðslu-

dags, allt að frádreginni innborgun, DEM 103.468,33, innborgaðri 31. desember 1994. Þá er þess krafist, að dæmt verði, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. október 1993, og að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða málskostnað samkvæmt mati dómsins auk virðisaukaskatts.

Ekki er sótt þing af hálfu annarra stefndu en Guðmundar Karvels Páls-sonar. Eru dómkröfur hans í málinu þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu, og jafnframt, að stefnandi greiði stefnda málskostnað eftir mati dómsins eða samkvæmt málskostnaðarreikningi að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti á málskostnað.

Með úrskurði, upp kveðnum 9. apríl 1997, var kröfu stefnda um frávísun málsins hafnað.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi kveður umstefnda skuld vera samkvæmt skuldabréfi nr. T 891009, út gefnu 27. mars 1989, upphaflega að fjárhæð 4.000.000 kr., gengis-tryggðu í DEM, til Atvinnuþryggingarsjóðs útflutningsgreina af stefndu, Sveinbirni Jónssyni, Jónínu Hólm, Vigni Bergmann, Júlíusi Einarssyni, Elínu Bergsdóttur, Ragnari Guðleifssyni og Guðmundi Karvel Pálssyni, og enn fremur Snorra Sturlusyni, Morten Holm, Jónu K. Kristinsdóttur, Sigurvin Magnússyni, Þorsteini H. Guðbjörnssyni, Ragnari Ólafssyni og Kjartani P. Kjartanssyni.

Lán nr. T 891009 hafi verið bundið skráðu gengi á DEM og breytist í samræmi við breytingu gengis frá grunnengi, sem sé skráð kaupgengi á útborgunardegi lánsins til sölugengis á gjalddaga. Grunnengi hafi verið 28,1337. Lánið hafi upphaflega verið að andvirði DEM 142.178,25.

Afborganir og vexti skyldi greiða í íslenskum krónum eftir sölugengi íslenskra banka á DEM að viðbættum hvers konar yfirfærslugjöldum og gjaldeyrissköttum, sem í gildi kunni að vera á gjalddaga eða greiðsludegi, sé hann síðar.

Lánið hafi átt að endurgreiða með 20 jöfnum afborgunum, og hafi gjalddagar verið 1. apríl og 1. október ár hvert og fyrsta afborgun átt að vera 1. apríl 1991. Fyrsti gjalddagi vaxta hafi verið 1. apríl 1990.

Eigandi skuldabréfs þessa hafi í upphafi verið Atvinnuþryggingarsjóður útflutningsgreina. Atvinnuþryggingardeild Bygðastofnunar hafi tekið við réttindum og skyldum Atvinnuþryggingarsjóðs útflutningsgreina með lögum nr. 27/1991. Með lögum nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins hafi hann yfirtekið réttindi og skyldur atvinnuþryggingardeildar Bygðastofnunar á þeim hluta lána, sem tengdust sjávarútvegi.

Á stjórnarfundum í Bygðastofnun 1993 hafi verið samþykkt að skipta láni

Þessu pro rata á milli aðila, og á fundum stjórnar Þróunarsjóðs sjávarútvegsins 28. desember 1994 og 4. apríl 1995 hafi verið samþykkt að falla frá dráttarvöxtum á skuldinni, enda yrði gengið frá skuldinni eða hún gerð upp.

Af upphaflegum skuldurum hafi sjö samþykkt framangreind tilboð, Þorsteinn H. Guðbjörnsson, kt. 021257-3039, Kjartan P. Kjartansson, kt. 180547-4449, Sigurvin Magnússon, kt. 201239-2499, Ragnar Þór Ólafsson, kt. 050861-7169, Jóna K. Kristinsdóttir, kt. 070161-7299, Snorri Sturluson, kt. 200950-3809, og Morten C. Holm, 271237-6429, og gerðu þau upp hvert sinn hluta með DEM 14.781,19, samtals DEM 103.468,33, og hafi uppgjörsdagur verið 31. desember 1994.

Stefnandi styður kröfur sínar við meginreglu samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi loforða og efnidir fjárskuldbindinga.

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 463/1988 hafi lán Atvinnuþryggingarsjóðs útflutningsgreina verið bundin lánskjaravísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla.

Stefndi kveður málavexti vera þá, að hann hafi verið einn af hluthöfum í hlutafélaginu Kögurási hf., sem hafi haft með höndum fiskverkun og útgerð á Suðureyri. Árið 1989 hafi staðið til að auka hlutafé í félaginu, en sú hlutafjárukning hafi hins vegar aldrei komið til framkvæmda með lögmaetum hætti. Á þessum tíma hafi þó verið hafist handa við að fjármagna hlutafjárukninguna með láni frá Atvinnuþryggingarsjóði útflutningsgreina, að fjárhæð 4.000.000 kr., sbr. dskj. nr. 3. Vegna væntanlegrar hlutafjárukningsar hafi stefndi Guðmundur Karvel skrifað undir umrætt skjal, í trausti þess, að peningarnir yrðu ekki greiddir Kögurási hf., fyrr en gengið hefði verið frá hlutafjárukningunni með löglegum hætti. Þetta hafi hins vegar ekki gengið eftir, og muni Atvinnuþryggingarsjóður hafa greitt Kögurási hf. peningana beint, án þess að samráð væri haft við skuldara skjalsins. Stefndi Guðmundur Karvel hafi því aldrei fengið í hendur þá fjármuni, sem hann eigi þó að hafa tekið að láni samkvæmt dskj. nr. 3, og verði því fyrir fjárhagslegu tjóni, ef hann er dæmdur til að greiða stefnanda kröfuna.

Stefndi Guðmundur Karvel hafi síðan ekkert heyrt af þessu bréfi og haldið í raun, að það hefði ónýst, þar sem hlutafjárukningin hafi ekki náð fram að ganga. Greiðsluseðlar hafi aldrei verið sendir honum, hvorki fyrr né síðar, og engar tilkynningar um, að lánið væri komið í vanskil. Það hafi ekki verið fyrr en í nóvember 1995, sem hann hafi frétt af þessu máli aftur, en þá hafi honum verið gert tilboð um að greiða lánið að hluta.

Af hálfu stefnda er um málsatvik að öðru leyti vísað til málavaxtalýsingar í stefnu. Sérstaklega er vísað til þess, sem segir í stefnu, að þegar árið 1993

hafi verið ákveðið að skipta láninu á milli aðila, en árið 1994 hafi verið ákveðið að falla frá dráttarvöxtum með ákveðnum skilyrðum. Ljóst sé, að þetta uppgjör til einstakra kröfuhafa verði til þess, að eftirstöðvar skuldarinnar lendi þyngra á þeim, sem sé stefnt í þessu máli. Þeir geti ekki innheimt skuldina hjá meðábyrgðarmönnum í sömu hlutföllum og voru samkvæmt upphaflegu skuldinni. Þá sé á það bent, að mál þetta sé ekki rekið samkvæmt 17. kafla laga um meðferð einkamála í héraði.

Sýknuröfu sína styður stefndi þeim rökum, að kröfur á hendur sér séu fyrndar, sbr. 3. gr. fyrningarlaga nr. 14/1905. Krafan hafi gjaldfallið samkvæmt efni sínu 1. apríl 1991, og sé sá tími upphaf fyrningarfrests. Þetta byggist í fyrsta lagi á því, að krafan á hendur honum samkvæmt fram lögðu skuldabréfi á dskj. nr. 3 sé, hvað sem texta bréfsins líði, ábyrgðarskuldbinding vegna láns, er Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina hafi veitt Kögurási hf. árið 1989. Þetta komi skýrt fram í bréfi til stefnda á dskj. nr. 18, þar sem talað sé um hann sem ábyrgðarmann að bréfinu.

Í öðru lagi er bent á, að dómskjal nr. 3 sé ekki skuldabréf í skilningi laga. Þetta sé vegna þess að skuldabréf sé skilgreint sem skrifleg yfirlýsing útgefanda (skuldara) um einhliða og skilyrðislausu skyldu til greiðslu peninga. Á dskj. nr. 3 sé að finna yfirlýsingu fjórtán einstaklinga um skyldu þeirra in solidum til greiðslu skuldar við Atvinnutryggingarsjóð. Greiðsluskylda hvers um sig sé háð því, hvort og hve mikið aðrir skuldarar bréfsins hafi greitt. Greiðsluskyldan sé því háð skilyrðum. Þar með sé bréfið orðið að einhvers konar skuldaviðurkenningu, sem lögum samkvæmt fýrnist á fjórum árum.

Þá telur stefndi, að stefnandi hafi sýnt af sér verulegt tómlæti, þegar hann hafi látið meira en fjögur ár líða, frá því að lánið féll í gjalddaga, þar til hann gerði tilraun til innheimtu. Stefndu hafi því ekki gefist kostur á að forðast tjón þess vegna.

Í málinu liggja fyrir samningur milli stefnanda og fjórtán einstaklinga um greiðslu skuldar. Stefndi Guðmundur Karvel heldur því fram, að samningur þessi sé ógildur, með vísan til III. kafla samningalaga, og er þá sérstaklega vísað til 36. gr. Þetta stafar af því, að forsendur fyrir undirritun á dómskjal nr. 3 hafi verið þær, að raunveruleg hlutafjárakning færi fram í hlutafélaginu Kögurási og stefndi fengi í hendur hlutabréf til sönnunar eignarrétti sínum. Þessi forsenda hafi algerlega brugðist, og stefndi sitji eftir án þess að hafa nokkurn tíma fengið neitt í staðinn fyrir þá skuld, sem stofnaðist gagnvart stefnanda.

Stefndi bendir einnig á, að hann hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, vegna þess að stefnandi hafi afhent Kögurási hf. peninga, sem hann hafi tekið að

láni, án samráðs við sig. Sú mótkrafa, sem hann eigi gegn stefnanda, sé sömu fjárhæðar og það, sem hann gæti hugsanlega þurft að greiða samkvæmt skuldabréfinu.

Í málinu liggi fyrir, sbr. dskj. nr. 3, að fjórtán einstaklingar tóku að sér að greiða in solidum 4.000.000 kr., og sé umrædd fjárhæð gengistryggð. Stefndi telur, að ekki hafi verið heimild til handa stefnanda að gengistryggja skuldina með þeim hætti, sem gert sé í málinu, og eigi fjárhæð skuldarinnar að miðast við höfuðstól bréfsins án gengistryggingar.

Niðurstaða.

Stefndu Sveinbjörn Jónsson, Jónína Hólm, Vignir Bergmann, Júlíus Einarsson, Elín Bergsdóttir og Ragnar Guðleifsson hafa ekki sótt þing í máli þessu. Ber því samkvæmt 1. mgr. 96. gr. laga nr. 91/1991 að dæma málið eftir fram komnum kröfum og málatilbúnaði stefnanda. Þar sem fram lögð gögn og málatilbúnaður stefnanda er í samræmi við kröfur hans í málinu, ber að taka þær til greina á hendur þessum stefndu.

Samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 463/1988, er gilti um Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina, sem var upphaflegur handhafi umstefnds skuldabréfs, var hlutverk sjóðsins að veita lán til endurskipulagningar, hagræðingar og framleiðniaukningar hjá fyrirtækjum, er framleiða til útflutnings.

Óumdeilt er, að lán samkvæmt umstefndu skuldabréfi var veitt til hlutafjárukningar í hlutafélaginu Kögurási. Gáfu hluthafar í félaginu, þ. á m. stefndi Guðmundur Karvel, út skuldabréfið með því að rita nöfn sín á það og viðurkenndu þar með skuld sína við Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina.

Stefndi Guðmundur Karvel skrifaði undir skuldabréfið án nokkurs fyrirvara. Ekki liggur annað fyrir en féð hafi farið til Köguráss hf., sem stefndi Guðmundur Karvel var hluthafi í, og hvergi er komið fram, að Atvinnutryggingarsjóður hafi með nokkrum hætti ábyrgst, að félagið stæði hluthöfum skil á hlutabréfum samkvæmt umræddri hlutafjárukningu. Telst stefndi Guðmundur Karvel því bundinn af undirritun sinni á skuldabréfið gagnvart stefnanda máls þessa.

Á dskj. nr. 3 er að finna skilyrðislausu yfirlýsingu útgefenda skjalsins um, að þeir skuldi Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina in solidum 4.000.000 ísl. kr. gengistryggðar. Telst skjalið því samkvæmt efni sínu skuldabréf. Stefndi Guðmundur Karvel er samkvæmt undirritun sinni á skuldabréfið útgefandi þess ásamt öðrum hluthöfum í Kögurási hf., en ekki ábyrgðarmaður. Samkvæmt 4. gr. laga nr. 14/1905 fyrnast kröfur samkvæmt skuldabréfi á tíu árum. Fyrsti gjalddagi skuldabréfsins var 1. apríl 1991. Mál

Þetta var höfðað á hendur stefnda með stefnu, birtri 9. ágúst 1996, þ. e., áður en fyrningarfrestur var liðinn.

Sú málsástæða stefnda, að stefnandi hafi sýnt af sér tómlæti, kemur ekki til álita hér, enda skuldin ófyrnd, sbr. það, sem áður er rakið. Þá hefur ekki verið sýnt fram á, að nein þau atvik hafi verið við gerð og útgáfu skuldabréfsins, er gefi tilefni til þess að ógilda skuldabréfið eða víkja efni þess til hliðar, sbr. 36. gr. samningalaga. Hefur ekki verið sýnt fram á, að stefndi hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni af völdum stefnanda. Þá er órökstudd sú fullyrðing stefnda, að óheimilt hafi verið að gengistryggja skuldina með þeim hætti, sem gert var.

Pegar framanritað er virt, ber því einnig að taka til greina kröfur stefnanda á hendur stefnda Guðmundi Karvel Pálssyni.

Dráttarvextir dæmast eins og greinir í dómsorði.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefndu að greiða in solidum stefnanda málskostnað, sem ákveðst 300.000 kr., og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Sveinbjörn Jónsson, Jónína Hólm, Vignir Bergmann, Júlíus Einarsson, Elín Bergsdóttir, Ragnar Guðleifsson, og Guðmundur Karvel Pálsson, greiði in solidum stefnanda, Þróunarsjóði sjávarútvegsins, atvinnutryggingardeild, íslenskar krónur að jafnvirði DEM 142.178,25 með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 1. október 1992 til 31. desember 1994, en af íslenskum krónum að jafnvirði DEM 38.709 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum íslenskum krónum að jafnvirði DEM 103.468,33, er innborgaðar voru 31. desember 1994.

Stefndu greiði in solidum stefnanda 300.000 kr. í málskostnað.